


Ljósritunarpappír í  
öllum regnbogans litum

Öll almenn prentun  
– góð þjónusta, gott verð!



ÓRÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM

# Bæjarins besta

Miðvikudagur 9. janúar 2002 • 2. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

**Skip Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf., komu með 12.019 tonn að landi á síðasta ári**

## Aflaverðmætið um 1.772 milljónir

Skip Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf., í Hnífsdal komu með 12.019 tonn að landi á síðasta ári að verðmæti um 1.772 milljónir króna.

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS kom með 4.860 tonn að landi að verðmæti um 1.100 milljónir króna (cif), Páll Pálsson ÍS kom með 3.726 tonn að verðmæti um 360 milljónir króna og Stefnir ÍS kom með 1.357 tonn að verðmæti um 124 milljónir króna. Andey ÍS kom næst með 964 tonn að verðmæti um 91 milljón króna, þá Framnes með 723 tonn að verðmæti um 68 milljónir króna, Bára ÍS kom með 194 tonn að verðmæti um



Páll Pálsson ÍS kom með 3.726 tonn að landi á síðasta ári að verðmæti um 360 milljónir króna.

14 milljónir króna og Örn ÍS kom með 195 tonn að verðmæti um 14 milljónir króna.

Júlíus Geirmundsson var um hálfan mánuð í slipp á síðasta ári þar sem settar voru

í skipið nýjar togvindur. Uppi- staðan í afla Júlíusar var þorskur og grálúða. Uppistaðan í afla ísfisktogarans Páls Pálssonar var þorskur sem að stærstum hluta fór til vinnslu

í frystihúsi félagsins í Hnífsdal. Stefnir var á bolfiskveiðum fyrri hluta ársins þar sem aflinn var að mestu steinbítur, þorskur og ýsa. Eftir verkfall fór hann síðan á rækjuveiðar.

Stefnir var í slipp í um mán- aðartíma á árinu. Andey var á rækjuveiðum allt árið og sömuleiðis Framnes utan 2ja mánaða er skipið var í stálviðgerðum í Póllandi.

**Virkjunarframkvæmdir í botni Súgandafjarðar ganga vel**

## Vélarsamstæðan í virkjun Dalsorku sett upp

Virkjunarframkvæmdir í botni Súgandafjarðar ganga vel og stefnt er að því að Dalsorka gangsetji hina nýju vatnsaflvirkjun í lok mánaðarins. Rafstöðvarhúsið er tilbúið og sömuleiðis tveggja km löng aðfallslögn sem liggur að því.

Á föstudag kom svo vélarsamstæðan vestur en hún er keypt frá Austurríki og samanstendur m.a. af sambyggðri

túrbínu og rafali auk spennis. Var samstæðan flutt með skipi til landsins en síðan keyrð á tengivagni vestur í Súgandafjörð. Nokkurn tíma tekur setja vélarnar upp og tengja þær en stefnan er að ljúka því fyrir næstu mánaðarmót.

Gert er ráð fyrir að framleiðslugeta virkjunarinnar verði frá 220 kW til 500 kW og fer það eftir vatnsrennslinu

á hverjum tíma en vatnið er fengið úr Botnsá og Vestfjarðagöngunum. Inntakið er rétt neðan við gangamunnann og fallhæðin er 138 metrar. Á næstu tveimur árum er stefnt að því að virkja rennsli Þverár og verður henni beint í sömu inntakslögn. Stofnkostnaður við þessar framkvæmdir er um 43 milljónir króna.



Vélasamstæðan við virkjunarhúsið.

**EKKERT BRUÐ!**

Gerið verð samanburð  
Bónus býður  
alltaf betur!

# BONUS

Tilboðin eru  
á [bonus.is](http://bonus.is)



## Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

**EIMSKIP**

**Flytjandi**

[www.eimskip.is](http://www.eimskip.is) • Sími 456 5530

[www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) • Sími 456 5530





## Ísafjörður

### Holly Hughes sýnir út jan-úarmánuð

Um þessar mundir stendur yfir sýning bandarísku myndlistarkonunnar Holly Hughes í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Þar sýnir hún afrakstur sköpunarstarfa sinna hér á landi og við strendur landsins, auk sýnishorna af eldri verkum. Mest er þó um ljósmyndir af Hornströndum. Holly dvelst á Ísafirði í vetur eftir margra ára ferðalög um heiminn ásamt George MacLeod, fyrst á reiðhjólum en síðustu árin á skútunni Hannah Brown sem þau ákváðu í haust að leggja á Ísafirði yfir veturinn.

Sýningin í Edinborg verður opin áfram á virkum dögum í janúar og er fólk hvatt til að koma sem oftast þar sem hún er breytileg frá degi til dags og sífellt bætast nýjar myndir við. Næstu tvær helgar verður sýningin síðan opin frá kl. 15 til 19. Þeir sem óska eftir að skoða hana á öðrum tíma geta haft samband við Holly í síma 456 5667.

## Ísafjörður

### Fæðingum fjölgaði um 11

Sextíu og tvö börn fæddust á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði á síðasta ári. Af þeim voru drengir 26 og stúlkur 36.

Árið 2000 fæddist hins vegar 51 barn á Fjórðungssjúkrahúsinu og er því fjölgunin 11 börn á milli ára.



## Samfylkingin í Ísafjarðarbæ kemur í stað K-lista

# Ekki hefur verið rætt við neina aðra um sameiginlegt framboð

Ekkert hefur enn verið ákveðið hvernig staðið verður að undirbúningi framboðs hjá þeim sem standa að núverandi K-lista, sem er í minnihluta í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, að sögn Bryndísar G. Friðgeirssonar, oddvita listans. Hins vegar segir hún það fast-ákveðið, að Samfylkingin muni bjóða fram við komandi

bæjarstjórnarkosningar. Seint á nýliðnu ári var stofnað Samfylkingarfélag í bæjarfélaginu sem mun standa að framboðinu.

„Þeir sem stóðu að K-listanum við síðustu kosningar voru Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur og Kvinnalisti enda þar þá ekki búið að stofna Samfylkinguna sem

stjórnmalaflokk“, segir Bryndís. „Seint á nýliðnu ári var síðan stofnað Samfylkingarfélag í bæjarfélaginu sem mun standa að framboði hér.

Bryndís segir að ekki hafi enn komið fram hverjir af sitjandi bæjarfulltrúum K-lista muni hafa hug á framboði á ný. Aðspurð hvort til greina komi að Samfylkingin bjóði

fram í samvinnu við Vinstri græna eða einhver önnur pólitísk öfl segir Bryndís, að ekkert hafi enn komið fram um slíkt. Engar viðræður eða þreifingar hafi átt sér stað milli Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ og neinna annarra. „Við munum ekki leita til annarra í þeim efnum enda þarf Samfylkingin ekki á því að halda.

Aðrir hafa heldur ekki haft samband við okkur.“

Ekkert er farið að ræða hvort Samfylkingin í Ísafjarðarbæ efnir til prófkjörs eða hvort stillt verður upp á lista með öðrum hætti. Bryndís segir hins vegar að fljótlega verið farið að huga að þeim málum.

## Aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

# 93,1 milljón til Vestfjarða

Sveitarfélög á Vestfjörðum fengu á síðasta virkum degi fyrir áramót greiddar samtals 93,1 milljónir króna í aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fólksfækkunar á árunum 1999-2001. Yfir landið allt var fram-

lag ríkisins 350 milljónir króna til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði á nefndu tímabili. Tíu af tólf sveitarfélögum á Vestfjörðum fengu eitthvað af þessu framlagi eða öll nema Tálknafjarðarhreppur og Bæjarhreppur. Um 17,9 millj.

runnu til Vesturbyggðar, um 9,8 millj. til Bolungarvíkurkaupstaðar, um 8,1 millj. til Hólmavíkurhrepps og um 6 millj. til Súðavíkurhrepps.

Ef litið er á einstök kjördæmi fór stærsta framlagið til Vestfjarða, litlu minna til

Austurlands eða 85,6 milljónir, til Norðurlands eystra fóru 72,1 milljónir og til Norðurlands vestra 46 milljónir. Ísafjarðarbær fékk mest allra sveitarfélaga á landinu eða 44,5 milljónir. Næst kom Fjarðabyggð með 35,3 millj.

ónir. Aukaframlögum þessum er einkum ætlað að vera til mótvægis við minnkandi útsvarstekjur sveitarfélaganna sem þurfa á ýmsum sviðum að kosta eins miklu til þjónustu þótt fólki fækki.

# Fyrir lífið sjálft

Þegar berkla sjúklingar ákváðu að taka höndum saman og styðja hvern annan í baráttunni við hvítadaudann, sem allt fram yfir miðja síðustu öld var vágestur hinn mesti meðal íslensku þjóðarinnar, og stofnuðu SÍBS árið 1938, hefur þá vart grunað að samtök þeirra ættu eftir að marka jafn heillavænleg spor og raun ber vitni, þótt ekki hafi þá skort áráði og með hverjum og einum þeirra hafi, þrátt fyrir allt, búið sá lífsvilji með von um betra líf, sem til þurfti.

Með stofnun SÍBS var flugið tekið og ekki aftur snúið. Vængja slátturinn jókst. Sjö árum síðar var Vinnuheimilið að Reykjalundi stofnað. Ólíklegt er að það fólk sem þar var að verki hafi séð fyrir hvílíku stórvirki það var að hrinda leggja grunninn að.

Allt frá stofnun happdrættis SÍBS hefur það verið bakhjarl þeirrar miklu uppbyggingar sem átt hefur sér stað á Reykjalundi. Slagorð happ drættisins – fyrir lífið sjálft – eru orð að sönnu. Þegar litið er til baka og skoðaður sá árangur sem þar hefur náðst í gegnum árin, skref fyrir skref, er ljóst að þrekvirki hefur verið unnið. Og áfram heldur afrekaskráin þar á bæ að lengjast með

hverjum nýjum degi.

Það eru vart ýkjur að ekki finnst sá maður hérlandur sem ekki er skyldur, eða tengdur, einhverjum, eða þekkir einhvern sem notið hefur endurhæfingar á Reykjalundi eftir erfiða sjúkdómslegu og þar með betra lífs en ella hefði verið, hafi þess á annað borð verið nokkur kostur. Vegna þessa er það ekki of mælt að öll stöndum við í þakkarskuldból Reykjalund, ómælda og ómetanlega.

Síðan sigur vannst á berklaveikinni er Reykjalundur orðinn alhliða endurhæfingarstöð þar sem hjartasjúklingar hafa fasta viðkomu til að búa sig á ný undir átökin við daglegt líf eftir að hafa gengið í gegnum erfiða sjúkrahúsvist, svo dæmi sé tekið. Áreiðanlega vill enginn þeirra leiða hugann að því hver staða þeirra væri ef Reykjalundur hefði aldrei litið dagsins ljós. Að svo varð getum við þakkað kjarkmiklu og þrautseigu fólki sem sjálft barðist við sjúkdóm sem á þeim tíma var dómur sem ekki varð áfrýjað.

Stuðningur við Reykjalund er stuðningur við okkur sjálf – fyrir lífið sjálft. s.h.

## Frá útgefendum:

### Umboðs- aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flat-eyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Söfnadóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-prent ehf. Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • Netfang prentsmiðju: hprent@bb.is • Ritsgjafi: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is • Ritsgjafi netútgáfu: Hlynur Þór Magnússon, símar 456 7322 og 892 2240, netfang: blm@bb.is • Blaðamaður: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sími 456 4448, netfang: umbrot@bb.is • Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is • Fréttavefur: www.bb.is • Lausasöluverð er kr. 200 eintakið m. vsk. • Áskriftaverð er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti • Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimildar sé gefið.



# Ung hjón og sonur þeirra fórust

Ung hjón og barnungur sonur þeirra fórust í eldsvoða að Aðalstræti 49 á Þingeyri aðfaranótt föstudags. Þau hétu Hreiðar Snær Línason, 22ja ára, Ingibjörg Edda Guðmundsdóttir, 20 ára, og Leon Örn Hreiðarsson, tæplega tveggja ára. Föðurnum tókst að bjarga syni þeirra á fjórða ári út úr húsinu og fór síðan aftur inn til að reyna að bjarga konu sinni og yngra barninu. Hann átti ekki afturkvæmt út en eldsprenging mun hafa orðið í íbúðinni eftir að hann fór inn aftur. For-eldrar Hreiðars og systir bjuggu á efri hæð hússins og komust þau út heilu og höldnu.

Húsið Aðalstræti 49 er timburhús á steiptum kjallara. Fyrir nokkru var íbúð innréttuð í kjallaranum þar sem ungu hjónin bjuggu ásamt sonum sínum. Upptök eldsins eru rakin til kertaskreytinga, eftir því sem fram kom í tilkynningu lögreglunnar að rannsókn lokinni. Þá

sagði að ekki sé vitað til þess að reykskynjari hafi verið í íbúðinni. Ekkert benti til þess að kviknað hefði í af völdum rafmagns. Lögreglan á Ísafirði naut aðstoðar tveggja sérfræðinga frá ríkislögreglustjóra og eins frá rafmagnsöryggisdeild Löggildingarstofu við vettvangsrannsóknina.

Sigmundur Þórðarson byggingameistari á Þingeyri var ásamt öðrum sjúkraflutningamanni fyrstur á vettvang af björgunarliði. Hann fékk boð um eldinn um kl. 3.15. Hann var þá sofandi heima hjá sér en heimili hans er um þremur húslengdum frá Aðalstræti 49. Á leiðinni að slökkvistöðinni ók hann framhjá brennandi húsinu. Þar var þá gífurlegt eldhaf. Kjallarinn var aelda og eldtungur náðu langt út um gluggann. Flestallar rúður í kjallaranum sprungu út og til marks um hve bálið var mikið teygði eldurinn sig á tímabili upp fyrir þakskegg hússins.

Sigmundur telur að þeir hafi verið komnir á sjúkrabílnum að húsinu um þremur mínútum eftir að útkall barst. Þá



Frá brunastað að Aðalstræti 49 á Þingeyri að morgni föstudagsins 4. janúar.

vissi hann ekki betur en fjórir væru innlyksa inni í húsinu. Eldhafið var á hinn bóginn svo gríðarlegt að ekki var viðlit fyrir þá að komast inn í húsið. Þeir urðu því að bíða þar til slökkviliðsbíll kom á vettvang með reykkafera. Sigmundur segir að biðin hafi virkað á sig sem heil eilífið.

Erfitt væri þó að meta hversu langur tími leið í raun. Það hefðu þó örugglega verið nokkrar mínútur.

Í loftinu á íbúðinni var plast-einangrun sem var mikill elds-matur og myndaðist baneitradur reykur þegar hún brann. Svo virðist sem einangrunin í lofti stofunnar hafi brunnið

að langmestu leyti. Einangrunin bráðnaði og lak logandi niður á gólf en eina útgöngu-leiðin út úr íbúðinni liggur í gegnum stofuna. Nánast allt sem var í kjallaranum er ónýtt. Klæðningar á veggjum brunnu víða frá lofti og niður í gólf en innréttingar í svefnherbergjum eru ekki eins illa

farnar.

Einn slökkviliðsbíll er á Þingeyri. Hann er rússneskur og um fimmtíu ára gamall en mun þó standa fyrir sínu. Á hinn bóginn munu brunahanar í bænum vera frekar lélegir og mættu veita meiri vatnsþrýsting.

## Í FAÐMI HAFSINS



**Kvikmyndin sem allir Vestfirðingar verða að sjá, sýnd í síðasta sinn á Vestfjörðum nk. sunnudag og mánudag kl. 21.00**

## Í Ísafjarðarbíói

**Kvikmyndafélagið Í einni sæng þakkar Vestfirðingum frábærar viðtökur**







**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**

**Hafnarstræti 1 – Ísafirði**

Símar: 456 3940 & 456 3244

Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snerpa.is

**Einbýlishús / raðhús**

**Engjavegur 6:** 223 m<sup>2</sup> einb. hús á tveimur hæðum. Getur selst í tvönu lagi, 5 herb. íbúð á e.h. á 5,5 m.kr. og 4ra herb. íbúð á n.h. á 3 m.kr.

**Engjavegur 24:** 126,4 m<sup>2</sup> einb. hús á tveimur hæðum. Frábær sölbaðsaðstaða. Laust 1. ágúst 2001. Áhv. ca. 4,6 m.kr. Verð 7,5 m.kr.

**Fagraholt 11:** 140,6 m<sup>2</sup> falllegt einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. Verð 11,3 m.kr.

**Hjallavegur 4:** 242 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Falllegt útsýni. Skipti á minni eign möguleg Tilboð óskast

**Hjallavegur 19:** 242 m<sup>2</sup> einb. hús á 2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ymis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 m.kr. Verð 10,5 m.

**Hlíðarvegur 25:** 152,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er mikið uppgert. Áhv. ca. 6,4 m.kr. Verð 10,2 m.kr.

**Hlíðarvegur 37:** 185,9 m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklingsíbúð. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 10,2 m.kr.

**Hnífsdalsvegur 10:** 120,9 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð Laust fljótlega. Tilboð óskast

**Hrannargata 1:** 238,9 m<sup>2</sup> einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði Tilboð óskast

**Hrannargata 8a:** 78,1 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. Húsið er uppgert að hluta. Verð 4,6 m.kr.

**Lyngholt 10:** 151,3 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m<sup>2</sup> bílskúr Verð 12,9 m.kr.

**Seljalandsvegur 48:** 188 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign koma til greina. Áhv. ca. 2 m.kr. Verð 12,7 m.kr.

**Seljalandsvegur 72:** 112 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum, góður sólpallur. Verð 8,2 m.kr.

**Urðarvegur 33:** 306,3 m<sup>2</sup> glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð 16 m.kr.

**4-6 herb. íbúðir**

**Fjarðarstræti 14:** 100 m<sup>2</sup> fallleg 4ra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt 60m<sup>2</sup> kjallara og 27,8 m<sup>2</sup> geymsluskúr. Baklóð fylgir neðri hæðinni. Áhv. ca. 1,5 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

**Fjarðarstræti 38:** 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast

**Hjallavegur 8:** 128,5 m<sup>2</sup> 4ra herb. íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Laus fljótlega. Áhv. hagstað lán ca. 2,8 m.kr. Verð 6,9 m.kr.

**Sundstræti 30:** 131,9 m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Tilboð óskast

**3ja herb. íbúðir**

**Hlíðarvegur 33:** 79,1 m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í fjórþýlishúsi ásamt góðum bílskúr. Verð 6,9 m.kr.

**Mjallargata 1:** 82,8 m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð í fjórþýlishúsi, sér inngangur, sér geymsla. Verð 6,8 m.kr.

**Pólgata 6:** 55 m<sup>2</sup> risibúð á 3ju hæð í fjórþýlishúsi. Verð 3,9 m.kr.

**Silfurgata 11:** 56,2 m<sup>2</sup> (75m<sup>2</sup> gólfhlötur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstað í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

**Sólgata 8:** 80 m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi í góðu standi. Íbúðin er öll nýmáluð Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 4,9 m.kr.

**Stórholt 9:** 80,9 m<sup>2</sup> góð íbúð á 1. hæð í fjórþýlishúsi ásamt sér geymslu og sameign. Áhv. ca. 2,4 m.kr. Verð 5,3 m.kr.

**Stórholt 7:** 74,6 m<sup>2</sup> íbúð á 3ju hæð fyrir miðju í fjórþýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2 m.kr. Verð 5,3 m.kr.

**Stórholt 11:** 80 m<sup>2</sup> íbúð á 3ju hæð til hægri í fjórþýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. 3,4 m.kr. Verð 5,6 m.kr.

**Stórholt 13:** 79,2 m<sup>2</sup> íbúð á 3ju hæð til hægri í fjórþýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr.

**Urðarvegur 49:** 102,5 m<sup>2</sup> kjallaraíbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Tilboð óskast

**2ja herb. íbúðir**

**Mjallargata 1:** 67,9 m<sup>2</sup> íbúð í góðu standi á 2. hæð í fjórþýlishúsi. Áhv. ca. 3,6 m.kr. Verð 6,5 m.kr.

**Sundstræti 24:** 69 m<sup>2</sup> skemmtileg og rúmgóð íbúð á jarðhæð í fjórþýlishúsi. Verð 4,5 m.kr.

**Túngata 18:** 53,4 m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð í nýlega uppgerðu fjórþýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4 m.kr.

**Súðavík**

**Álfabyggð 3:** 130,2 m<sup>2</sup> nýtt og glæsilegt einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr, sólstofu og tveimur sólpöllum. Verð 11,5 m.kr.

**Suðureyri**

**Hjallavegur 11:** 138,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð. Verð 3 m.kr.

**Flateyri**

**Hjallavegur 5:** 83,4 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Tilboð óskast

**Bolungarvík**

**Heiðarbrún 3:** 224,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr Tilboð óskast

**Hlíðarstræti 6:** 113 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr Verð 7,9 m.kr.

**Vitastígur 25b:** 101 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja íbúð í fjórþýlishúsi. Sér inngangur. Tilboð óskast

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af sölu-skránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1



Grýla gantast við unga fólkið á þrettándagleðinni.

# Jólin kvödd með álfadansi

Þrettándi og síðasti dagur jóla var á sunnudag. Af því tilefni mættu fjölmargir á álfagleði sem fram fór á tóninu fyrir framan Gamla sjúkrahúsið á Ísafirði. Að venju komu álfakonungur og drottning hans ásamt friðu föruneiti og skemmtu sér við söng og dans á meðan glatt logaði í hálkestinum. Þarna mátti líka sjá ýmsar forynjur og fór Grýla þar fremst í flokki ásamt sínum ættmennum. Ekki var laust við sumt smáfólk gripi fastar í mömmu eða pabba ef það hyski gerðist of nærgöngult. Nú er það allt haldið til síns heima og mun væntanlega ekki sjást fyrr en nálgast jól að nýju. Veður var þökkalegt,

slydda og lítilsháttar vindur, þannig að ekki þótti nein ástæða til þess að fresta þrettándagleðinni hér líkt og gert var víða annars staðar á landinu. Það var að venju Kvenfélagið Hlíf sem stóð fyrir gleðinni ásamt skátum og félögum úr Sunnukórnum. Nú munu vera þrjátíu ár síðan þessir aðilar efndu fyrst til álfagleði á þrettándadegi jóla en síðari ár hefur skapast hefð fyrir því að Ísfirðingar og Bolvíkingar skiptist á að halda slíkar þrettándabrennur. Meðfylgjandi myndir voru teknar þrettándagleðinni á sunnudag. Fleiri myndir birtast á svipmyndum á bb.is.



Álfakóngur og álfadrottning í sínu finasta þússi.



Álfadansinn stiginn við logandi bálköst.



Unga fólkið tók þátt í dansinum að miklum krafti.



Grýla og Leppalúði ásamt einum af jólasveinunum.



Fjölmenni var á þrettándagleðinni á sjúkrahústúninu.



# Fyrstu börnin á nýju ári líta ljósið

Fyrsta barnið á Sjúkra-  
húsinu á Ísafirði á þessu ári  
fæddist kl. 20.45 á þrett-  
ándanum, sunnudaginn 6.  
janúar. Það var strákur sem  
var sextán merkur og 55  
sentimetrar. Foreldarnir eru  
Berghildur Árnadóttir og  
Helgi Hjartarson, búsett á  
Ísafirði. Þetta er annað barn  
þeirra en fyrir eiga þau son-  
inn Hjört Ísak sem verður  
þriggja ára í febrúar. Á  
myndinni er Berghildur  
með soninn unga.

Áður höfðu þau Bryndís  
Ásta Birgisdóttir og Bjarni  
Jóhannsson á Suðureyri  
eignast stúlku sem tekin var  
með keisaraskurði í  
Reykjavík að kvöldi 4.  
janúar. Hún var átján merk-  
ur og 54 sentimetrar og er  
fyrsta barn þeirra Bryndísar  
og Bjarna.



## Vestmark stefnir Snerpu og krefst tugmilljóna króna í bætur

# „Þessi krafa er hreinlega út í bláinn“

– segir Björn Davíðsson, annar aðaleigenda Snerpu

Tölvuþjónustufyrirtækið  
Vestmark ehf. á Ísafirði hefur  
stefnt Tölvuþjónustunni  
Snerpu á Ísafirði og krafist  
um 30 milljóna króna í bætur  
vegna riftunar á samningi sem  
gerður var á síðasta vori um  
sameiningu fyrirtækjanna  
tveggja. Í síðustu viku var  
greint frá þessu máli í öðrum  
fjölmiðli en þar kom fram  
nokkur misskilningur eða  
mistúlkun á málsatvikum.

„Stefnan var birt lögfræð-  
ingi okkar í Reykjavík á síð-  
asta birtingardegi fyrir jól. Ég  
hef lesið hana og get með  
engu móti séð að hún sé  
byggð á neinum vitrænum for-  
sendum. Þessi krafa er hrein-  
lega alveg út í bláinn. Það

kæmi mér ekki á óvart, að  
þegar upp er staðið verði okk-  
ur dæmdar einhverjar bætur  
en ekki þeim“, segir Björn  
Davíðsson, annar af aðaleig-  
endum Snerpu ehf.

„Við höfum engar sérstakar  
áhyggjur af þessu máli. Þetta  
fær einfaldlega að ganga sinn  
gang. Upphæðin sem krafist  
er sýnir kannski best veru-  
leikafirringuna sem þarna  
liggur að baki. Ég vil taka  
fram, að mér finnst allt benda  
til að þetta sé runnið undan  
rifjum Magnúsar Bødvars Ey-  
þórssonar, stjórnarformanns  
Vestmarks, en alls ekki sé við  
heimamenn í forsvari hjá fyr-  
irtækinu að sakast í þessu efni.

Því var haldið fram í öðrum

fjölmiðli í síðustu viku að við  
hefðum verið að taka inn nýja  
hluthafa á meðan sameining-  
arferli Snerpu og Vestmark  
stóð yfir. Þetta er einfaldlega

rangt. Við hefðum ekki verið  
að hanga á Vestmarksmön-  
num að skila inn sínu hlutafé í  
heila viku eftir að frestur  
þeirra til þess rann út ef við

hefðum verið með eins mikið  
hlutafé og meira til handan  
við hornið. Það segir sig nú  
eiginlega sjálf“, segir Björn  
Davíðsson.

## Slökkvilið Ísafjarðarbæjar

# Tólf útköll vegna elds- voða á síðasta ári

Útköll hjá Slökkviliði Ísa-  
fjarðarbæjar voru 28 á síðasta  
ári. Þar af voru 12 vegna elds  
en ekki var um stórtjón að  
ræða í neinu tilfelli. Önnur  
útköll voru af margvíslegum  
ástæðum og oft um ýmis kon-  
ar aðstoð að ræða.

Þannig voru t.d. fjögur út-  
köll vegna vatnsflóðs, einu  
sinni var snjór hreinsaður af  
þaki Sundhallarinnar og í nóv-  
ember var slökkviliðið fengið  
til að hreinsa seltu af spennu-

virkjum Orkubús Vestfjarða.  
Sjúkraflutningar hjá Slökkvi-  
liði Ísafjarðarbæjar á liðnu ári  
voru 232, þar af almennir  
flutningar í 160 tilvikum og  
neyðarflutningar í 72 tilvik-  
um.

Af öðrum viðfangsefnum  
Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar á  
síðasta ári má nefna, að skoð-  
anir vegna eldavarnaefirlits  
voru framkvæmdar á 45 stöð-  
um. Einnig voru haldnir 40  
fyrirlestrar fyrir almenning.

**Sumartilboð Pizza 62**  
12" pizza m/ 2. eða 3. áleggateg. (þú ræður)  
1/2 lítr af gosi á aðeins 1400,- krónur  
16" pizza m/ 2. eða 3. áleggateg. (þú ræður)  
2 lítrar af gosi á aðeins 1700,- krónur  
18" pizza m/ 2. eða 3. áleggateg. (þú ræður)  
2 lítrar af gosi á aðeins 1800,- krónur  
Og ef þú hefur 200 kallt við ferð þú  
stóran skammt af brauðþingum með



Ljóninu, Skeiði, sími 456 4070



Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464

## smáar

**Fékkstu þér** nýtt sófasett  
fyrir jólin? Vantar þig ekki  
að losna við gamla settið?  
Okkur vantar smekklegan  
hornsófa eða sófasett. Upplýsingar í símu 869 9009  
eða 868 0703.

**Nokia 3310 GSM** tapaðist  
á gamlárskvöld á eyrinni á  
Ísafirði. Upplýsingar í síma  
456 5176.

Til sölu eru **barnakojur**  
með nýjum dýnum. Uppl. í  
síma 456 4102 á kvöldin.

Til leigu er **bílskúr**. Upplýsingar í símu 456 3740  
eða 866 7435.

**Til leigu** er 4ra herb. íbúð  
á eyrinni á Ísafirði. Mjög  
fallegt útsýni og húsaleiga  
aðeins kr. 25 þús. á mán.  
Íbúðin er laus. Uppl. gefur  
Óssur í síma 895 7155.

Óska eftir lítið notuðum,  
negldum **vetrardekkjum**,  
14", 185x70. Upplýsingar í  
síma 861 7845.

Blár Ericson **GSM farsími**  
tapaðist á eða við gamla  
sjúkrahústúnið 6. janúar.  
Finnandi hafi samband við  
Halldór í símu 456 4560  
eða 456 5222.

Óska eftir að kaupa Abslider  
**magabana**. Uppl. gefur Óli  
í síma 456 3923.

**Til leigu** er 3ja herb. íbúð  
á neðri hæð að Urðarvegi  
49 á Ísafirði. Íbúðin er 94  
m<sup>2</sup>. Uppl. í síma 456 3547.

**Góð íbúð** að Stórholti 7 á  
Ísafirði er til sölu eða leigu.  
Hagstæð áhvilandi lán.  
Laus nú þegar. Uppl. í síma  
456 6249 og 897 6293.

**Til sölu** er nýlegur Tyco  
kerruvagn. Selst ódyrt á kr.  
15 þús. Upplýsingar í síma  
848 6015.

**Til sölu** er Emmalunga  
kerra á kr. 15 þús. og Simo  
keruvagn á kr. 15 þús.  
Uppl. í síma 456 3143 eftir  
kl. 17 á daginn.

**Týndi lyklum** af Skoda  
Octavia í neðri bænum á  
Ísafirði í vikunni fyrir jól.  
Lyklarnir eru með fjar-  
stýrði læsingu. Finnandi  
vinsamlegast hafi samband  
í síma 456 3305.

**Til leigu** er 100m<sup>2</sup>, 4ra  
herb. einbýlishús í miðbæ  
Reykjavíkur. Lítil garður  
með heitum potti. Sér bíla-  
stæði. Leiguverð kr. 90 þús.  
á mánuði án hita og raf-  
magns. Laus strax. Upplýsingar í símu 560 0078  
eða 895 8149.

Til sölu eru tvö 35" notuð  
**nagladekk** og felgur og tvö  
ný ónegld dekk af sömu  
stærð. Upplýsingar í síma  
456 7109 á kvöldin.

Óska eftir að kaupa Orbi-  
trekk (göngubraut). Uppl.  
í síma 456 4244 á kvöldin.

Hefur einhver fundið Can-  
on A5 Zoom, stafræna  
**myndavél** ásamt fylgihlut-  
um sem tapaðist á Ísafirði  
17. nóvember sl. Hafið  
samband í síma 894 8630.

Til sölu er Mobira **NMTfar-  
sími** með skráðu númeri.  
Uppl. gefur Benedikt í síma  
456 7000 og 456 7388.

Gerist  
áskrif-  
endur í  
síma  
456 4560



# Með mesta aflaverðmætið á síðasta ári

Frystitogari Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Hnífsdal, Júlíus Geirmundsson ÍS 270, er eftir því sem næst verður komist, með hæsta aflaverðmæti bolfiskfrystitogara á síðasta ári. Aflaverðmætið er 1.100 milljónir króna (CIF). Aflinn upp úr sjó var 4.860 tonn, sem er 702 tonnum minna en á síðasta ári, en þá var stór hluti aflans úthafskarfi, en í ár aðallega þorskur og grálúða.

Aflinn fékkst á 10 mánuðum, því á árinu fóru 6 vikur í verkfall og 2 vikur í slipp. Í


áhöfn skipsins eru 25 sjómenn, en stöðugildi háseta af heildaraflanum nemur um 11,5 milljónum króna. Allir yfirmenn skipsins eru eina veiðiferð á sjó og aðra í landi og sama er að segja um flesta hásetana. Aflahlutur hvers manns um borð er því á bilinu 5,7 milljónir til 11,5 eftir stöðum þeirra. Skipstjóri á Júlíusi Geirmundssyni er Gunnar Arnórsson.

Eftir því sem næst verður komist kom Mánaberg ÓF frá Ólafsfirði næst á eftir Júlíusi með um 1.064 milljóna króna

aflaverðmæti. Baldvin Þorsteinsson EA frá Akureyri, sem var með mesta aflaverðmætið árið 2000, var með um 970 milljóna króna aflaverðmæti, eins og Arnar HU frá Skagaströnd en alls veiddi skipið um 5.250 tonn á síðasta ári. Vinnsluskipið Vilhelm Þorsteinsson EA frá Akureyri bar hins vegar á land verðmætasta afla allra íslenskra fiskiskipa á síðasta ári en alls nam verðmæti aflans, um 54.300 tonna, um 1.340 milljónum króna. Uppistaða afla skipsins var síld.



Júlíus Geirmundsson ÍS 270.



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði þar sem Héraðsdómur Vestfjarða er til húsa.

## Héraðsdómur Vestfjarða

# Málum fjölgaði um 95 á síðasta ári

Alls var tekið fyrir 581 mál hjá Héraðsdómi Vestfjarða á síðasta ári á móti 486 málum árið á undan. Einkamál sem biðu afgreiðslu frá fyrra ári voru 22 (19 á árinu á undan), þar af 13 (8) munnlega flutt.

Höfðuð voru 259 (231) ný einkamál og fóru 20 (34) í munnlega meðferð. Afgreidd voru 27 (29) einkamál sem sættu munnlegri meðferð og 236 (199), sem sættu skriflegri meðferð. Í árslok voru 18 (22) óafgreidd einkamál.

Óafgreidd sakamál frá

fyrra ári voru 8 (20) í ársbyrjun 2001. Höfðuð voru 258 (187) ný sakamál á árinu, þar af 96 (51) með ákærum, en 162 (136) með kröfu um ákvörðun viðurlaga með áritun á ítreakað sektarboð. Öllum málum af síðarnefndu tagi var lokið á árinu. Dómur gekk í 50 (34) ákærumálum á árinu, sæst var á viðurlög í 18 (11), en 19 (8) fengu aðra afgreiðslu, með því að vera sameinuð öðrum málum, afturkölluð eða vísað frá dómi. Í lok ársins biðu 17 (8) mál afgreiðslu hjá dómnum.

Til meðferðar hjá dómnum voru 41 (43) krafa um gjald-

protaskipti, þar af 1 (10) frá fyrra ári. Þar af vörðu 23 (13) einstaklinga, en 18 (30) lögaðila. Tíu einstaklingar (5) og tíu lögaðilar (15) voru teknir til gjaldþrotaskipta á árinu, en fimm mál biða afgreiðslu. Öðrum málum lauk með því að þeim var ýmist vísað frá eða felld niður. Til afgreiðslu í öðrum málaflokkum komu 24 (35) ný mál. Engin mál í þeim málaflokki biðu afgreiðslu í árslok á móti tveimur málum árið á undan.



## Bráðabirgðatölur Fiskistofu um heildarafla á Vestfjörðum á tímabilinu 1. janúar til 30 nóvember 2001

# Smávægileg aflaukning á síðasta ári

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Fiskistofu þá var landaður heildarafla á Vestfjörðum 82.138 tonn á tímabilinu 1. janúar–30. nóvember 2001. Er það 1.368 tonnum meira en á sama tímabili árið 2000. Stór hluti

þessa afla er loðna sem landað var í Bolungarvík, eða 27.433 tonn. Mestur þorskafla kom á land á Ísafirði eða 6.629 tonn, á Patreksfirði 5.687 tonn og í Bolungarvík 5.531 tonn. Þorskafla á Vestfjörðum var í heild 32.181 tonn eða 1.434

tonnum minna en á síðasta ári.

Heildarrækjuafli var 5.099 tonn sem er ívið meira en á sama tímabili í fyrra en þá var aflinn 4.910 tonn. Mest var landað af rækju í Súðavík, 2.130 tonnum, og á Ísafirði

1.268 tonnum. Steinbítafli var mestur á Tálknafirði, 2.307 tonn, sem er talsverð aukning frá því í fyrra en þá var aflinn 1.865 tonn. Á Patreksfirði var landað 1.472 tonnum af steinbít en alls komu 7.853 tonn af steinbít á

land á Vestfjörðum.

Aflatölur Fiskistofu byggjast á upplýsingum sem berast frá löndunarhöfnum innlands og útflytjendum afla og frá umboðsmönnum erlendis. Allur afl er umreiknaður til afla upp úr sjó (óslægt). Þetta

eru bráðabirgðatölur sem kunna að breytast þegar endurskoðun þeirra er lokið og þær hafa verið bornar saman við aðrar upplýsingar, m.a. eftir samanburð við upplýsingar sem Fiskistofa fær í vigtarskýrslum.



## Spurningakeppni framhaldsskólanna að hefjast

# Menntaskólinn með lið í keppninni Gettu betur

Menntaskólinn á Ísafirði er meðal þeirra skóla sem skráðir eru til leiks í Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna sem hefst nk. föstudagskvöld. Þá verða háðar þrjár fyrstu viðureignirnar í beinni útsendingu á Rás 2.

Lið Menntaskólans frá Ísafirði keppir þó ekki fyrr en viku seinna, föstudaginn 18. janúar, og eru andstæðingarnir frá Menntaskólanum á Egilsstöðum. Fyrirkomulag keppinnar er þannig að fyrstu tvær umferðirnar fara fram á Rás 2 en þau lið sem komast áfram

keppa síðan til úrslita í Ríkis-sjónvarpinu.

Í liði Menntaskólans á Ísafirði eru þau Herdís Anna Jónasdóttir, Gísli Rúnar Harðarson og Benedikt Hreinn Einarsson en Fjöltnir Ásbjörns-son, kennari og guðfræðingur, hefur verið þeim innan

handar við æfingar fyrir keppnina. Undanfarin ár hefur liði skólans hefur ekki gengið sem best og því spennandi að sjá hvort að ekki verði einhver breyting þar á núna í ár.



Heiðar Snær Línason og Ingibjörg Edda Guðmundsdóttir fórust í eldsvoðanum á Þingeyri aðfaranótt föstudagsins 4. janúar sl., ásamt syni sínum Leon Erni Hreiðarssyni sem er í fangi föður síns. Myndin er tekin 7. júní 2001 á brúðkaupsdegi þeirra.

Ljósmynd: Urður Skúladóttir.

## Þau sem fórust í eldsvoðanum á Þingeyri

Þau sem létust í eldsvoða að Aðalstræti 49 á Þingeyri aðfaranótt föstudags hétu Hreiðar Snær Línason, 22ja ára, Ingibjörg Edda Guðmundsdóttir, 20 ára, og Leon Örn Hreiðarsson, tæplega tveggja ára.

Föðurnum tókst að bjarga syni þeirra á fjórða ári út úr húsinu og fór síðan aftur inn til að reyna að bjarga konu sinni og yngra barninu. Hann átti ekki afturkvæmt út en eldsprengring mun hafa orðið í íbúðinni eftir að hann fór inn aftur. Foreldrar Hreiðars og systir bjuggu á efri hæð hússins og komust þau út heilu og höldnu.



## Prófkjör í Ísafjarðarbæ

Stjórn Fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ hefur að höfðu samráði við kjörnefnd ákveðið að framlengja framboðsfrest vegna fyrirhugaðs prófkjörs til þriðjuddagsins 15. janúar kl. 20:00.

Framboðum skal skilað til formanns kjörnefndar, Unnar Brár Konráðsdóttur, Aðalstræti 24, 400 Ísafirði, sem veitir allar nánari upplýsingar í síma 862 4241.

Kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ

## Sameiginlegur fundur atvinnumálanefndar og menningarmálanefndar

# Fundað í Faktorshúsinu

Sameiginlegur fundur atvinnumálanefndar og menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar var haldinn í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað í gær. Ákveðið var

að þessar tvær nefndir myndu halda fyrsta fund ársins saman og ræða ýmisleg sameiginleg mál enda ekki ósjaldan sem starf þessara tveggja nefnda skarast.

Þótti nefndarmönnum tilvalið að hittast í hinu fornfræga Hæstakaupstaðarhúsi sem nú hefur gert glæsilega upp af þeim Magnúsi Alfredssyni og Áslaugu J. Jensdóttur.

Húsið hefur fengið nýtt hlutverk sem kaffihús og fengu nefndarmenn að smakka á nýja kaffinu og að sjálfsögu var einnig ljúffengt meðlæti á borðum.

## Stúdentaráð Háskóla Íslands

# Vill samstarf við Ísafjarðarbæ um eflingu rannsókna

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur leitað eftir samstarfi við Ísafjarðarbæ um stuðning við nemendur sem kjósa að vinna að rannsóknum á landsbyggðinni. Telur stúdentaráð að slíkar rannsóknir geti reynst mjög verðmætar fyrir byggðarlögin og sé öflug rannsóknarstarfsemi um allt land brýn nauðsyn til þess að blómlegt atvinnulíf fái þrífist sem víðast á landsbyggðinni.

Í bréfi stúdentaráðs til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar kemur fram að innan skamms verður settur á laggirnar sérstakur styrktarsjóður fyrir stúdenta við Háskóla Íslands. Sjóðurinn heitir „Þekking stúdenta í þágu þjóðar“ og er markmið hans að gefa stúdentum við skólann aukin tækifæri til að vinna að rannsóknar- og þróunarverkefnum á landsbyggðinni. Sjóðurinn er tilrauna-

verkefni til eins árs og fjármagnaður með framlagi frá Bygðastofnun, öðrum stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Að ári verður árangur átaksins metinn og ákveðið hvort rétt sé að framhald verði á því.

Telur stúdentaráð nauðsynlegt að skapa stúdentum aukin tækifæri til að stunda rannsóknir um allt land og sé það mögulegt með því að tryggja

þeim fjárhagslega styrki, húsnaði, vinnuáðstöðu og greiðan aðgang að tækjabúnaði. Þess vegna hefur stúdentaráð leitað eftir samstarfi við sveitarfélög og stofnanir um ýmiss konar stuðning við þá stúdenta sem vilja vinna verkefni er tengjast þeirra byggðalögum.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar mun hafa tekið vel í óskir stúdenta.

## Vestfirskt sjávarloft = tæring



- blettun
- waxbón
- massabón
- kraftvörn
- siliconvörn
- plastvörn
- gúmmívörn
- glervörn
- áklæðavörn
- djúphreinsun
- tjörupvottur

MASSI þrif og vernd!

sími

456-5198



# Nýtt „veiruvottahús“

Fjöldmargar nýjar tölvuveirur skutu upp kollinum á nýliðnu ári. Code Red tölvuormurinn og frændi hans Sircam birtust og fór sá síðarnefndi að dreifa m.a. bankayfirlitum og fundargerðum fram og til baka í tölvupósti. Í framhaldi af því var ákveðið hjá Tölvuþjónustunni Snerpu á Ísafirði

að stíga veiruvörnaskrefið til fulls og koma upp póstkerfi sem gæti hreinsað allan póst. Fram að því hafði Snerpa einungis haft búnað til að skanna póst og aðvara notendur þegar slíkt fannst og sérsníða varð hreinsunartól fyrir hættulegustu tegundirnar. Vinnu við nýtt „veiru-

þvottahús“ lauk skömmu fyrir jól og er það nú komið í gagnið. Ein nýjungin er að nú er einnig hægt að þvo póst sem fer áfram á önnur pósthús þannig að stærri fyrirtæki sem hafa eigin netpósthús eru nú einnig varin gegn tölvuveirum. Snerpa endurnýjaði fram-

leiðslu- og endursölusamning við Kaspersky Labs um veiruvarnaforritið Kaspersky Anti-virus í haust en áður hafði forritið verið selt undir vörumerkinu AVP. Í kjölfarið sló Snerpa öll fyrri sölumet sín hjá Kaspersky og seldi mikinn fjölda veiruvarnaforrita bæði hér vestra og annars staðar.

## Sjálfstæðisfélögin í Ísafjarðarbæ

# Framboðsfrestur vegna prófkjörs framlengdur

Stjórn Fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ hefur að höfðu samráði við kjörnefnd ákveðið að framlengja framboðsfrest vegna fyrirhugað prófkjörs til

þriðjudagsins 15. janúar kl. 20. Upphaflega rann framboðsfrestur vegna prófkjörsins út sl. fimmtudagskvöld. Unnur Brá, formaður Fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna

í Ísafjarðarbæ, segir að það hafi verið ákveðið að lengja frestinn til að láta reyna á það að fá fleiri nöfn inn. „Samkvæmt reglum skulu vera minnst tíu í framboði, en

kjörnefndin hefur einnig heimild til að bæta inn nöfnum. Það voru færri en tíu sem skiluðu inn framboði,“ sagði Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður fulltrúaráðs.

## Krabbameinsfélagið Sigurvon á norðanverðum Vestfjörðum

# Efnt til fundar um stofnun stuðningshópa krabbameinssjúkra

Fundur um stofnun stuðningshópa á vegum Krabbameinsfélagsins Sigurvonar á norðanverðum Vestfjörðum verður fimmtudaginn 10. janúar kl. 20 í Kiwanishúsinu á Ísafirði. Hildur Björk Hilmarsdóttir, formaður stuðningsfélagsins Krafts og starfsmaður Krabbameinsfélags Íslands, flytur erindi um gildi og starfsemi stuðningshópa.

Hún mun einnig svara fyrirspurnum varðandi stuðningshópa og starfsemi þeirra og Krabbameinsfélagsins. Fyrirhugað er að stofna stuðningshópa og stuðningsfélag Sigurvonar. Allir eru hvattir til að mæta, ungir sem aldnir, og hlusta á mjög áhugavert erindi. Félagið vill jafnframt minna á heimasíðuna sína [www.krabb.is/sigurvon](http://www.krabb.is/sigurvon).



Frá stofnfundi Krabbameinsfélagsins Sigurvonar.



Kirkjuskólinn á Ísafirði byrjar á laugardaginn kl. 11:00. Ísafjarðarkirkja.



ÍSAFJARÐARBÆR

## GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Óskum eftir að ráða satrfsfólk til eftirtalinna starfa nú þegar:  
**Stuðningsfulltrúa í 70% starf.** Um er að ræða aðstoð inni í bekk og önnur skyld verkefni.  
**Leiðbeinanda í 35% starf.** Um er að ræða aðstoð við nemanda á unglingsstigi, bæði í og utan kennslustunda. Nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Kristinn Breiðfj. Guðmundsson.  
*Skólastjóri.*



Kirkjuskólinn í Hnífsdal byrjar á sunnudaginn kl. 13:00. Hnífsdalskapella.



Áskriftarsíminn er 456 4560

# Áfall á Þingeyri

Hinn hörmulegi eldsvoði á Þingeyri aðfararnótt síðasta föstudags er mönnum ofarlega í huga. Það er hræðilegt áfall fyrir þorp eins og Þingeyri að missa með svo sviplegum hætti ung hjón og son þeirra. Eftir lifir annar sonur þeirra, sem misst hefur móður, föður og bróður. Aðstandendum er vottuð hin dýpsta samúð.

Atburður þessi vekur athygli á því hve allir eru tengdir fyrir skyldleika, mægðir eða einfaldlega vegna vináttu og kunningskappar. Þess háttar nán tengsl eru meðal helstu kostna smárra samfélaga. Því meiri er sorgin og söknuðurinn er vaxandi á dyrum. En söknuður og sorg nær einnig til íbúa Ísafjarðarbæjar alls og reyndar skapast sterk samkennd með Vestfirðingum, sem hafa á undanförunum árum mátt glíma við hamfarir náttúrunnar, sjóslys og slysfarir á landi sem kostað hafa mannlíf.

Tímans þunga hjóli verður ekki snúið við. Til baka verður ekki komist. Í upphafi árs er venjan að líta fram á veginn með von í hjarta og öll óskum við okkur og okkar nánustu góðs á árinu. Þingeyringar eiga nú við mikla sorg að glíma. Athygli vekur hve fast og ákveðið tekið hefur verið á málum með samverustundum, sem sóknarprestur og lækni hafa komið að. Áður fyrri báru menn sorg sína í hljóði og alla jafna einir. Nú ríkir skilningur á nauðsyn þess að unnið sé úr sorginni með þeim hætti að viðkomandi sé færir um að takast á við lífið þrátt fyrir áföll og geti jafnframt dregið af þeim lærdóm og öðlast þroska.

Niðurstaða rannsóknar lögreglunnar á Ísafirði á upptökum eldsins liggur nú fyrir. Naut hún aðstoðar tveggja sérfræðinga frá ríkislögreglustjóra og eins frá rafmagnsöryggiseild Löggingingastofu. Eldsupptök voru talin stafa frá logandi kertaskreytingu. Ekki mun hafa verið reykskynjari í íbúðinni.

Ljóst má vera að maðurinn bjargaði lífi eldra sonar þeirra hjóna með snarræði og hetjulund. En því miður tókst það ekki í seinna skiptið og eftir stendur sorgin. Þessi hörmulegi atburður leiðir hugann að framtíðinni og því sem unnt er að gera til að fyrirbyggja að viðlíka atburðir endurtaki sig í einni eða annarri mynd. Því miður er það allt of algengt að gleymist að hyggja að forvörnum á heimilum. Það er því miður svo að varnir heimilisins sitja á hakanum. Því er nauðsynlegt að breyta og virkja áhugamenn um úrbætur. Þrátt fyrir allt er það staðreynd að mjög mörg slys verða á heimilum fólks, en þar eð allt er heimilisfólki kunnulegt hættir okkur of mörgum til að gleyma því að vera búin undir hið óvænta.

Fæstir eiga von á því að slys hendi inni á heimilinu. Á flestum heimilum sleppa heimilismenn ótrúlega vel og fólk er fljótt að gleyma. Þessa staðreynd ber að hafa í huga. Forvarnir á heimilum eru mikið nauðsynjamál. Hinn hörmulegi atburður á Þingeyri minnir okkur á þá staðreynd, að aldrei er of varlega farið á þeim vettvangi sem flestir verja drýgstum tíma, heimilinu. Blessuð sé minning ungu hjónanna og sonar þeirra.

## Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

## Netspurningin

Spurt var:

**Var árið 2001 þér og þínum eins gott og þú hafðir vænst?**

Alls svöruðu 450.  
Já sögðu 255 eða 56,67%  
Nei sögðu 141 eða 31,33%  
Miklu betra sögðu 54 eða 12,00%

Netspurningin er birt vikulega á [bb.is](http://bb.is) og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.





Árni Aðalbjarnarson bakameistari og eiginkona hans Rósa Þorsteinsdóttir.



Ólöf Veturliðadóttir, Þórdís Guðmundsdóttir, Þjarney Guðmundsdóttir og Agnes Ásgeirsdóttir voru á meðal gesta á nýársfagnaðinum.



Áslaug Alfreðsdóttir, Guðlaug Jónsdóttir, Birna Bragadóttir og Þórunn Snorradóttir.



Sigurður Pétursson, Jón Ágúst Björnsson, Alfreð Erlingsson, Karl Ásgeirsson og Ólafur Örn Ólafsson.

# Nýársfagnaður á Hótel Ísafirði

Rúmlega sjötú manns mættu á nýársfagnað SKG-veitinga sem haldinn var á Hótel Ísafirði á laugardagskvöld. Tekið var á móti gestum með rjúkandi fordrykk og boðið var

upp á glæsilegan matseðil, söng Kammerkórsins, lifandi tónlist frá Samúel Einarssyni yfir borðhaldi auk skemmtisagna frá veislustjóranum Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á

Ísafirði. Þá sá hljómsveitin Hjólabandið um að halda uppi fjöri fram eftir nóttu. Meðfylgjandi myndir voru teknar á fagnaðinum. Fleiri myndir birtast á svipmyndum á bb.is síðar í vikunni.



Hjónin Kristín Karlsdóttir og Ingimar Halldórsson.



Mæðgurnar María Aðalbjarnardóttir og Ruth Tryggvason.



Pétur P. Jónasson framkvæmdastjóri og Sigurjón Guðmundsson tannlæknir.



# helgargdagboókin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

## veðrið

**Horfur á fimmtudag:**  
Sunnan 8-13 m/s og rigning. Hiti 0-8 stig, hlýjast suðaustantil. Gengur síðan í suðvestan og vestan 10-15 m/s með skúrum eða slydduéljum og kólnar, en léttir til norðaustanlands.

**Horfur á föstudag:**  
Suðvestanátt og él, en úrkomulítið austantil. Kólnandi veður og víða vægt frost.

**Horfur á laugardag:**  
Suðvestanátt og él, en úrkomulítið austantil. Kólnandi veður og víða vægt frost.

**Horfur á sunnudag:**  
Austanátt og rigning. Hlýnandi veður.

**Horfur á mánudag:**  
Norðaustanátt og snjó-koma norðvestantil, en annars hæg suðlæg átt og dálítill rigning. Hiti nálægt frostmarki.



SIJONVARPID

Föstudagur 11. janúar

- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Stubbarnir (73:90)
- 18.35 Nornin unga (12:24)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.10 Natty í fíðurléit. (The Journey of Natty Gann) Fjölskyldumynd um tólf ára stúlku og ævintýrin sem hún ratar í þegar hún leggur upp í langferð í leit að pabba sínum. *Aðalhlutverk: Meredith Salenger og John Cusack.*
- 21.50 Háski á báðar hendur. (Clear and Present Danger) Bandarísk spennu-mynd frá 1994. Jack Ryan, aðstoðarforstjóri CIA berst við kólumbíska eiturlyfjabarána eftir að náinn vinur Bandaríkjaforseta og fjölskylda hans eru myrt á skútu í Karíbahafi. *Aðalhlutverk: Harrison Ford, Willem Dafoe og Anne Archer.*
- 00.15 Bílasalinn. (Cadillac Man) Bandarísk gamanmynd frá 1990 um kvensaman bílasala og nokkra viðburðaríka daga í lífi hans. e. *Aðalhlutverk: Robin Williams, Tim Robbins, Pamela Reed og Fran Drescher.*
- 01.50 Dagskrárlok

Laugardagur 12. janúar

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Stubbarnir (75:90)
- 09.30 Mummi bumba (65:65)
- 09.35 Bubbi byggir (16:26)
- 09.45 Litlu skrímliin (27:52)
- 09.50 Gulla grallari (14:26)
- 10.25 Pokémon (28:52)
- 10.45 Búrabyggð (36:96)
- 11.10 Kastljósið
- 11.35 Mósaík
- 12.10 Át
- 12.35 Skjáleikurinn
- 15.55 Zink - Kynningar
- 16.00 Landsleikur í handbolta. Bein útsending frá leik Íslendinga og Þjóðverja.
- 18.00 Táknafréttir
- 18.10 Vinsældir (17:22)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Milli himins og jarðar. Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Hljómsveit Gunnars Þórðarsonar taka á móti gestum í sjónvarpsal.
- 20.55 Ást eða auður. (Love or Money) Rómantísk gamanmynd um mann og konu sem þekkja ekkert en sjónvarpsáhorfendur velja saman í hjónaband. Þau eiga von á fúlgum fjár ef þeim tekst að hanga saman í hálfri ár. *Aðalhlutverk: Emma Cuniffe, Steven Duffy, George Costigan og Sheila Hancock.*
- 22.30 Skuggaveröld. (Stir of Echoes) Hrollvekja frá 1999 um mann sem lendir í undarlegri atburðarás eftir að hann er daleiddur. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hafa áhorfendum yngri en 16 ára. *Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Kathryn Erbe og Heana Douglas.*
- 00.10 Evuvík. (Eve's Bayou) Bandarísk bíómynd um konu sem kemst að því að hún býr yfir dularmætti og beitir honum til að leysa ýmis vandamál og fletta hul-unum af óþægilegum staðreyndum. e. *Aðalhlutverk: Samuel L. Jackson og Lynn Whitfield.*
- 01.55 Zink - Kynningar
- 02.00 Dagskrárlok

Sunnudagur 13. janúar

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Disneysstundin
- 09.55 Kobbi
- 10.05 Babar (28:65)
- 10.30 Stafakarlarinn (14:24)
- 10.45 Nýjasta tækni og vísindi
- 11.00 Kastljósið
- 11.25 Skjáleikurinn
- 15.50 Zink - Kynningar
- 15.55 Mósaík
- 16.30 Nigella (2:5)
- 16.55 Zink - Kynningar
- 17.00 Geimferðin (4:26)
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Táningar (2:6)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Framboðsmyndir. Leikrit eftir Ingólf Margeirsson. Frambjóðendur Framfaralokksins eru mættir á ljósmyndastofu til að láta taka af sér ljósmyndir fyrir vantanlegar kosningar. *Leikendur: Jóhann Sigurðarson, Kjartan Guðjónsson, Sigurður Hallmarsson, Halldóra Björnsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason, Þorsteinn Gunnarsson og Kristín M. Kristmannsdóttir.*
- 20.40 Landsleikur í handbolta. Bein útsending frá seinni hálfleik viðureignar Íslendinga og Þjóðverja í karlaflokki.
- 21.25 Stúlkan á bláa hjólinu (6:6)

Franskur myndaflokkur byggður á sögum eftir Régine Deforges um unga stúlku á tímum seinni heimsstyrjaldar. *Aðalhlutverk: Laetitia Casta, Georges Corraface, Virgile Bayle og Silvia de Santis.*

22.20 Hvíslarinn. (Sufflösen) Norsk bíómynd frá 1999 um konu sem stendur í ströngu. Hún er hvíslari í leikhúsi, er að æfa fyrir sýningu á Aídu og að hefja samband með fráskildum manni. *Aðalhlutverk: Hege Schøyen, Sven Nordin og Philip Zandén.*

23.50 Kastljósið

00.15 Zink - Kynningar

00.20 Dagskrárlok



Föstudagur 11. janúar


- 06.58 Ísland í bítið
- 09.00 Gleastar vonir
- 09.20 Í finu formi 4
- 09.35 Oprah Winfrey (e)
- 10.20 Á Lygnubökkum (22:26) (e)
- 10.45 New York löggjafar (16:22) (e)
- 11.30 Myndbönd
- 12.00 Nágrannar
- 12.25 Í finu formi 5
- 12.40 Astir og atök (20:22) (e)
- 13.00 Austin Powers. (Austin Powers. The Spy Who Shagged Me) Ofurmjónsnarinn Austin Powers er mættur aftur á svæðið. Dr. Evil ferðast með tímavél til ársins 1969 og hyggst stöðva Austin Powers í eitt skipti fyrir öll með því að stela kynorku hans. Austin þarf að fara aftur í tímann til að endurheimta kynorkuna og nýtir dyggjar aðstoðar kynbommunnar Felicity Shagwell. Það má heldur ekki gleyma að minnst á smávaxna eftirgerð Dr. Evils, Mini-Me, og hinn magnaða Skota, Fat Bastard, sem setja svip sinn á myndina. *Aðalhlutverk: Mike Myers, Heather Graham.*
- 14.30 Ein á báti (22:24) (e)
- 15.10 Andrea (e)
- 15.35 NBA-tíðbrif
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2
- 17.45 Sjónvarpskringlingur
- 18.05 Seinfeld (3:22)
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Simpson-fjölskyldan (10:21)
- 20.00 Fjölskyldulíf. (Parenthood) Bráðskemmtileg gamanmynd um foreldra-skemmtið sem er sannarlega vandasamt ekki alltaf dans á rósum. Maltin gefur þjárfir og hálfja stjörnu. *Aðalhlutverk: Steve Martin, Mary Steenburgen, Dianne Wiest, Jason Robards.*
- 22.05 Blóðsugubaninn Buffy (17:22)
- 22.55 Gotti. Sannsógunleg mynd um einn kaldrifaðasta mafuforingja allra tíma, John Gotti. Hann ólst upp á strætum New York, var lærisveinn guðföðurins Carlos Gambinos og var orðinn illræmdur framagosi innan mafunnar áðeins tuttugu og sjö ára. Myndin hefur hlötið mikla athygli í Bandaríkjunum og hlaut Golden Globe verðlaunin 1997. *Aðalhlutverk: Anthony Quinn, Armand Assante, William Forsythe.*
- 00.55 Austin Powers. (Austin Powers. The Spy Who Shagged Me)
- 02.30 Hetja úr neðra. (Spawn) Spennu-mynd eftir samnefndum hasarböðum sem notið hafa mikilla vinsælda. Ofur-spæjarinn Al Simmons lætur ekkert stöðva sig í baráttunni gegn hinu illa. En það kemur hins vegar babb í batin þegar yfirmaður hans svikur hann og sendir til heljar. Al semur við skattann um að fá tækifæri til að halda aftur til jarðar og leita hefnda. *Aðalhlutverk: Michael Jai White, John Leguizamo, Martin Sheen.*
- 04.05 Seinfeld (3:22) (e)
- 04.30 Ísland í dag
- 04.55 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 12. janúar

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 11.50 Gleastar vonir
- 13.35 60 mínútur (e)
- 14.45 Enski boltinn. Bein útsending.
- 17.05 Best í bítið
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Lottó
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Dharma og Greg (18:24)
- 20.00 Ó, ráðhús (22:23)
- 20.30 Palookaville. Jerry, Russ og Syd eru smákrímur sem hugsa stórt en einhvern veginn virðist allt fara í handaskólum hjá þeim félögum. Stórskemmtileg mynd sem kemur á óvart. Maltin gefur þjárfir stjörnu. *Aðalhlutverk: William Forsythe, Vincent Gallo, Adam Trese.*
- 22.05 Horfin á 60 sekúndum. (Gone in 60 Seconds) Hasar og spenna af bestu gerð. Randall hefur stolið mörgum bílum um dagana en er nú sestur í helgan stein,

Sunnudagur 13. janúar

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 12.00 Sjónvarpskringlingur
- 12.15 60 mínútur II (e)
- 13.00 Nágrannar
- 15.00 North. North er ellefu ára drengur sem er óánægður með foreldra sína. Hann leitar til lögfræðings og fær leyfi til þess að yfirgefa þá og hefja leit að hinum fullkomnu foreldrum. En það er ekki hlaupið að því og reynist leitinn bæði erfið og löng. Bruce Willis hefur fyrir í hinum ýmsu gervum í myndinni og fer auk þess með hlutverk raddar skýseinnar sem leiðbeinir drengnum í leitinni. *Aðalhlutverk: Elijah Wood, Jason Alexander, Julia Louis-Dreyfus, Bruce Willis.*
- 16.45 Andrea (e)
- 17.10 Sjálfstætt fólk (e) Hinn ástsæli sjónvarpsmaður, Jón Ársæll Þórðarson, heldur áfram að kynna okkur áhugaverða samborgara í nýjum myndaflokkum sem er vikulega á dagskrá. Jón Ársæll heimsækir konur og karla á öllum aldri og leyfir landsmönnum að kynna nýrri hlíð á þeim sem eru í eldinni.
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Viltu vinna milljón? (Band of Brothers) Myndaaflokkur um sögu liðsmanna 506. herdeildar en þeir tilheyrðu sveit fallhlífarhermanna númer 101 í bandarísku hernum. Hér er dregin upp mjög trúverðug mynd af ógleymanlegum atburðum seinni heimsstyrjaldarinnar á vígvöllum Evrópu og hetjudáðum þessara hermanna.
- 21.35 60 mínútur. Í 60 mínútu mynd þessu sinni verður fjallað um hversu mikil marðröf ferðalög eru að verða, við skoðum þjóðgarð í Alaska sem George Bush forseti Bandaríkjanna vill nýta til olíu- og gasvinnslu og skoðum þá hugmynd að láta skóla keppa um nemendur líkt og fyrirtæki um menntafólk.
- 22.25 Í garði góds og ills. (Midnight in



**Gone in 60 Seconds**  
Horfin á 60 sekúndum eða Gone In 60 Seconds, er hasar- og spennu-mynd af bestu gerð sem Stöð 2 sýnir kl. 22:05 á laugardagskvöld. Randall hefur stolið mörgum bílum um dagana en er nú sestur í helgan stein, yfirvöldum til mikillar gleði. Bróðir hans er hins vegar í mikilli klípu og því neyðist Randall til að taka upp fyrri ídju. Honum er ætlað að stela 50 glæsikerrum á met tíma, takist það ekki fær bróðir hans heldur betur að kenna á því! Í aðalhlutverkum eru Nicolas Cage og Angelina Jolie.

yfirvöldum til mikillar gleði. Bróðir hans er hins vegar í mikilli klípu og því neyðist Randall til að taka upp fyrri ídju. Honum er ætlað að stela fimmtíu glæsikerrum á met tíma, takist það ekki fær bróðir hans heldur betur að kenna á því! *Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Giovanni Ribisi, Angelina Jolie.*

the Garden of Good and Evil) Myndin er byggð á sannri sögu um réttarhöld yfir einu mesta samkvæmisljóni í Savannah í Georgíuríki. Ungur samkvæmneigdur piltur finnst látinn á heimili auðkífingens Jims Williams og öll bönd berast að gestgjafanum. Fjöldi skrautlegra persóna er kynntur til sögunnar í fjölbreyttu mannlífi Savannah. *Aðalhlutverk: John Cusack, Jack Thompson, Kevin Spacey.*

00.55 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 11. janúar

- 18.00 Heklusport
- 18.30 Íþróttir um allan heim
- 19.25 Alltaf í boltanum
- 20.00 Fífl og furðufuglar (18:18). Dramatískur gamanþátur. Lífið í Willam McKinley miðskólanum er ekki alltaf dans á rósum. Við fylgjumst með systkininum Lindsay og Sam og baráttu þeirra við kennara sína og foreldra. Unglingarsírin eru mörgum erfið og það er mikilvægt að falla inn í hópinn. *Sleeping With The Enemy* Spennu-mynd. Laura er gift Martin Burney, myndarlegum en ofbeldisfullum manni. Hún lifir í sífjöldum ótta og verður að telja Martin trú um að hún elski hann heitt til að forðast

Sunnudagur 13. janúar

- 18.00 Heklusport
- 18.30 Íþróttir um allan heim
- 19.25 Alltaf í boltanum
- 20.00 Fífl og furðufuglar (18:18). Dramatískur gamanþátur. Lífið í Willam McKinley miðskólanum er ekki alltaf dans á rósum. Við fylgjumst með systkininum Lindsay og Sam og baráttu þeirra við kennara sína og foreldra. Unglingarsírin eru mörgum erfið og það er mikilvægt að falla inn í hópinn. *Sleeping With The Enemy* Spennu-mynd. Laura er gift Martin Burney, myndarlegum en ofbeldisfullum manni. Hún lifir í sífjöldum ótta og verður að telja Martin trú um að hún elski hann heitt til að forðast

Sunnudagur 13. janúar

- 18.00 Heklusport
- 18.30 Íþróttir um allan heim
- 19.25 Alltaf í boltanum
- 20.00 Fífl og furðufuglar (18:18). Dramatískur gamanþátur. Lífið í Willam McKinley miðskólanum er ekki alltaf dans á rósum. Við fylgjumst með systkininum Lindsay og Sam og baráttu þeirra við kennara sína og foreldra. Unglingarsírin eru mörgum erfið og það er mikilvægt að falla inn í hópinn. *Sleeping With The Enemy* Spennu-mynd. Laura er gift Martin Burney, myndarlegum en ofbeldisfullum manni. Hún lifir í sífjöldum ótta og verður að telja Martin trú um að hún elski hann heitt til að forðast

## netið

**www.born.is** er vefsetur fyrir verðandi foreldra, foreldra og aðstandendur barna. Markmiðið með vefnum er að bjóða upp á gagnvirkt samskiptasvæði þar sem foreldrar og aðstandendur barna geta nálgast upplýsingar, fræðslu og ráðgjöf. Tilgangurinn mun ver að vekja þá til umhugsunar um þörfina fyrir að hugsa betur um börnin.

## afmæli



**Arnór Stígsson**, húsgagnasmiðameistari, Hlíðarvegi 32, Ísafirði, verður **átræður** 14. janúar nk. Af því tilefni er ættingjum og vinum boðið í afmælisveislu í Frímúrarasalnum á Ísafirði laugardaginn 12. janúar frá kl. 15-18.

# Sportioð & beinni

Ríkissjónvarpið

Laugardagur 12. janúar kl. 16:00  
Landsleikur í handknattleik: Ísland – Þýskaland  
Sunnudagur 13. janúar kl. 20:40  
Landsleikur í handknattleik: Ísland – Þýskaland

Syn

Miðvikudagur 9. janúar kl. 19:40  
Enski boltinn: Chelsea – Tottenham Hotspur  
Laugardagur 12. janúar kl. 23:00  
Hnefaleikar: Hector Camacho jr. – Jesse James Leijja  
Sunnudagur 13. janúar kl. 13:45  
Ítalski boltinn: Leikur óákveðinn



# Hljómsveitin GABRIÉL verður í hörkustuði á laugardagskvöld.

Pöbbastemning á föstudagskvöld  
Mikið fjör – Mikið gaman!

Á Eyri  
Deilingastaður Kaffihús  
Mánagata 1 • Sími 456 5267 • Fisherhúsið anno 1884

Auglýsendur  
athugið!  
Vinsamlegast  
pantið aug-  
lýsingapláss  
tímanlega!

## Netþjónustan Snerpa ehf á Ísafirði

### Eykur þjónustu við vefgæslu

Netþjónustan Snerpa á Ísafirði hefur nú ráðið tíma- bundið starfsmann sérstaklega til þess að sjá um vinnu við uppfærslur og viðhald á INfilter vefgæsluhugbúnaðinum sem skrifaður er og hannaður hjá Snerpu.

Samkvæmt tilkynningu frá Snerpu þurfa notendur ekki að setja upp neinn hugbúnað á eigin tölvu heldur er nægilegt að fara inn á <http://val.snerpa.is/> og merkja við þá innihaldsflokka á vefnum sem þeir vilja hindra aðgang að á heimili eða vinnustað sínum. Vefgæslan

er í boði á þennan hátt á öllum upphringitengingum og ADSL-samböndum en óska þarf sérstaklega eftir stillingum á fastlínu- og ADSL-samböndum.

Nýi starfsmaðurinn heitir Albertína Elíasdóttir og hefur hún verið ráðin til að skrá vefþjóna sem vefgæslan á að geta hindrað. Segir Snerpa að með sérstökum starfsmanni sé hægt að auka töluvert gæði þjónustunnar, en skráningum sé einnig safnað með sjálfvirkum leitartólum. Aðallega sé um að ræða klámefni en einnig séu aðrir flokkar sem hægt er að

stjórna aðgangi á þótt um mun færri skráningar sé að ræða. Þar eru t.d. skráningar á vefþjónum sem geyma bandvíddarfrekt efni, t.d. kvikmyndir og tónlis.

Vefgæslan hóf göngu sína haustið 1998 í grunnskólum Ísafjarðarbæjar og eru nokkrir aðrir skólar farnir að notfæra sér þjónustuna, t.d. á Suður- og Vesturlandi og raunar vestur í Bandaríkjunum líka. Stærri fyrirtæki eins og Baugur og Samskip hafa einnig tekið vefgæsluna í notkun við góða reynslu og fyrir dyrum standa uppsetningar víðar.



### Ágætu Bolvíkingar!

Neðangreind fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar óska Bolvíkingum gleðilegs nýs árs og friðar árið 2002 og þakka góðar stundir á nýliðnu ári.

Bæjarsjóður Bolungarvíkur, Vélsmiðjan Mjöltnir ehf., Bakkavík ehf., E.G. þjónustan ehf., Orkubú Vestfjarða hf., Sparisjóður Bolungarvíkur, Leið ehf., Shell skálinn Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Hak ehf., Halldór Jónatansson, Pípulagningaþjónusta Hafþórs Gunnarssonar, Ós ehf., Landflutningar - Samskip, Fiskvinnslan Vík ehf., Vélvirkinn sf., Siggi Bjartar ÍS-50, Sjófugl ÍS-220, Ingimar Baldursson, vörubifreiðastjóri, Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum ehf., Blómahornið, Sigurgeir Jóhannsson vinnuvélar, Freydis sf., Þjóðólfur ÍS-86, Páll Helgi ÍS-142, Fiskmarkaður Suðurnesja, Hrönn ehf., Stormur ÍS-800, Hárstofan, Sparkaup Bolungarvík, Djúpmar ehf., Voice Era á Íslandi ehf., Fiskbitar ehf., Gná hf., Verslun Bjarna Eiríkssonar, Finna-bær ehf., Soffía Vagnsdóttir tónlistarskólustjóri, Karlakórinn Ernir Bolungarvík, Björgunarsveitin Ernir Bolungarvík.

Þessum fyrirtækjum, einstaklingum, stofnunum og aðstandendum þeirra eru færðar alúðar þakkir fyrir veittan stuðning, en þau stuðluðu m.a. að því að áramótabrennan og flugeldasýningin á gamlárskvöld 2001 í Bolungarvík varð að veruleika.

Slysavarnadeildin HJÁLP  
Bolungarvík.

- 18.00 Íþróttir um allan heim
- 19.00 Hálandsgurinn (1:22)
- 20.00 Eitt sinn þjófur (18:22) (Once a Thief I) Spennumyndaflokkur úr smíðju Johns Woos, Mac, Li Ann og Victor eiga vafasama fortíð að baki. Þau starfa nú saman fyrir aðila sem berst gegn glæpum. Verkefnið er hættuleg og af ýmsum toga.
- 21.00 Sérsvéitin. (Bravo Two Zero) Sannsöguleg spennumynd. Átta liðsmenn bresku SAS-sérsvéitarinnar fengu það erfiða verkefni að trufla flugskeytarárástir Íraka í Persaflóaströinu í janúar 1991. Liðþjálfinn Andy McNab og félagar hans laumdust yfir víglínu óvinarins í ótrúlegri hættuför sem var ætlað að breyta gangi stríðsins. Aðalhlutverk: Sean Bean, Steve Nicolson, Rick Warden.
- 23.00 Hnefaleikar-Hector Camacho. Útsending frá hnefaleikakeppni í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mætast eru veltivigtarmeistarinn Hector Camacho Jr. og Jesse James Leija.
- 01.00 Godiva klúbburinn. Erótísk kvikmynd.
- 02.25 Dagskrárlok og skjáleikur

Barnasöfnuðurinn er enn við lýði en honum stjórna ill öfl sem er vissara að reita ekki til reiði! Aðalhlutverk: Natalie Ramsey, John Franklin, Paul Popovich.

00.50 Dagskrárlok og skjáleikur



SKJÁREINN

Föstudagur 11. janúar

- 16.30 Muzik.is
- 17.30 Jay Leno
- 18.30 Johnny International (e)
- 19.30 Yes Dear
- 20.00 CBS – special news. Vandaður fréttaskýringaþáttur þar sem mál eru krufin til mergjar.
- 21.00 Þátturinn. Skemmti- og magasínþáttur.
- 22.00 Djúpa laugin. Þórey Eva og Júlíus Hafstein koma Íslendingum á stefnumót. Þátturinn er í beinni útsendingu.
- 22.50 Two guys and a girl
- 23.20 Temptation Island II (e)
- 00.10 Profiler (e)
- 01.00 Jay Leno (e)
- 02.00 Muzik.is
- 03.00 Óstöðvandi tónlist

Laugardagur 12. janúar

12.30 48 Hours

- 13.30 Law & Order
- 14.30 Jay Leno
- 15.30 Djúpa laugin
- 16.30 Survivor III
- 17.30 Þátturinn
- 18.30 Fyrirgefðu (e)
- 19.30 King of Queens
- 20.00 Johnny International. Í þættinum í kvöld rýnir Johnny í rasisma. Hann spjallar við Íslendinga í Danmörku, ræðir við Leoncie og kynir sér nýbúasamtökin og félag Íslenskra þjóðermisnina.
- 21.00 Íslendingar. Spurninga- og spjallþáttur í umsjón Fjalars Sigurðarsonar.
- 22.00 Profiler. Bandarísk sakamálaröð um réttarsálfraeðinginn Sam Waters og félagi hennar í sérsvit afrikislögreglunnar gegn ofbeldisglæpum.
- 22.50 Wishmaster. Hryllingsmynd.
- 00.20 Jay Leno (e)
- 01.10 Jay Leno (e)
- 02.00 Muzik.is
- 03.00 Óstöðvandi tónlist

Sunnudagur 13. janúar

- 12.30 Silfur Egils
- 14.00 Mótör (e)
- 14.30 City of Angels (e)
- 15.30 Providence (e)
- 16.30 Innlit-Útlit (e)
- 17.30 Judging Amy (e)
- 18.30 Fólki – með Sirry (e)
- 19.30 Two guys and girl
- 20.00 Fyrirgefðu. Fyrirgefðu er íslensk þáttaröð um mátt fyrirgefningarinnar í daglegu lífi Íslendinga. Felix Bergsson tekur hús á venjulegu fólki sem vill biðja einhvern fyrirgefningar og leiðir deilur, stórar sem smáar til lykta.
- 21.00 Silfur Egils. Umræðuþáttur um þjóðmál og pólitík.
- 22.30 Tantra. Þættirnir byggja á 5000 ára gamalli speki Tantra sem fjallar um samskiptaaðferðir, nánd og kynlífsaðferðir.
- 23.50 Íslendingar (e)
- 00.40 48 Hours (e)
- 01.30 Muzik.is
- 02.30 Óstöðvandi tónlist



Sunnudagur 13. janúar kl. 15:55  
Enski boltinn: Arsenal – Liverpool  
Sunnudagur 13. janúar kl. 18:00  
Ameríski boltinn: Leikur óákveðinn  
Sunnudagur 13. janúar kl. 20:45  
NBA: Toronto Raptors – Los Angeles Clippers

Stöð 2

Laugardagur 12. janúar kl. 14:45  
Enski boltinn: Leikur óákveðinn.

Gerist  
áskrif-  
endur í  
síma  
456 4560

Arnar G. Hinriksson hdl.  
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu  
fasteignir víða  
á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar  
eru veittar á skrifstofu

kirkja

Ísafjarðarkirkja:  
Messa á sunnudag kl. 11.

netið

Hver eru upphalds  
bókamerkin þín á Netinu?  
Inga Bára Þórðardóttir,  
skólasálfraeðingur hjá  
Skóla- og fjölskylduskrif-  
stofu Ísafjarðarbæjar  
svarar:



„Ég skoða  
reglulega  
heimasiðu  
Snerpu,  
snerpa.is,  
sem er eins-

konar ankeri í hafsju al-  
netsins. Ég fer einnig í inn-  
kaupaleiðangra á [amazon.com](http://amazon.com) eða [amazon.co.uk](http://amazon.co.uk)  
eftir því hvort ég er að leita  
eftir breskum eða banda-  
rískum bókartitlum. Ég er

nú reyndar búin að lofa  
manninum mínum að  
halda mig fjarri þessari tál-  
beitu freistinganna fram á  
vorið enda eins og að  
sleppa gotterisgrís lausum  
í nammibúð að hleypa mér  
inn í Amazon. Fjármálin  
eltist ég við hjá [einka.banki.is](http://einka.banki.is) og [isb.is](http://isb.is). Ef ég  
síðan skrepp á netið til  
þess að leika mér og lesa  
eitthvað skemmtilegt og  
áhugavert um t.d. sálfræði  
eða trúmál, þá nota ég  
leitarvélnar sem eru  
gefnar upp hjá Snerpu. Ef  
eitthvað er sérstaklega tor-  
fundið þá leita ég í gegn-  
um fleiri en eina leitarvél  
eftir sömu hugsmíðinni t.d.

[altavista.com](http://altavista.com), [info.seek.go.com](http://info.seek.go.com), [lycos.com](http://lycos.com)  
og [webcrawler.com](http://webcrawler.com). Að  
lokum má nefna [psu.edu](http://psu.edu)  
en þangað skrepp ég  
stundum til að hressa upp  
á skapið með því að lesa  
yfir leiðbeiningar um  
hvernig skrifa skal ritgerðir  
vitandi að ég þarf ekki á  
þeim að halda, í bili að  
minnsta kosti.

www.bb.is  
tekur senn  
miklum  
breytingum!





## Vestfirðir

### Tvö ár frá því að bb.is hóf göngu sína

Á föstudag voru rétt tvö ár liðin frá því að fréttavefur Bæjarins besta hóf göngu sína. Fyrsta fréttin var sett inn á vefinn þriðjudaginn 4. janúar 2000 kl. 18.15.

Markmiðið var í upphafi að setja að jafnaði fjórar fréttir inn á vefinn hvern virkan dag eða alls um tuttugu á viku. Það markmið hefur náðst og rúmlega það. Jafnframt var bb.is ætlað að veita ýmsa þá þjónustu sem slíkur vefur getur veitt.

Þeir sem að vefnum stóðu og standa enn reiknuðu aldrei með því að fjárhagslegur ábati yrði af rekstri hans, enda hefur svo ekki verið. Frekar má tala um metnað og áhuga á því að styðja við sjálfsmynd þeirra sem enn búa hér vestra og þá mynd sem aðrir gera sér af þeim. Í þessum mánuði, jafnvel eftir eina til tvær vikur, er þess að vænta að hér á vefnum birtist allmikil frétt sem varðar hann sjálfan.



## Bolungarvík

### „Demantssíld“ landað

Nótaskipið Elliði GK kom til Bolungarvíkur á laugardag og landaði eitt-hvað um þrjátíu tonn af bráðfallegri síld en liggur nú inni í brælu.

Gamlir síldarskipstjórar í Víkinni lifnuðu allir við, þeirra á meðal Hálf-dán Einarsson sem sagði að þetta væri sannkölluð demantssíld eins og það var orðað í eina tíð. Hluti af síldinni var tekinn í beitu, eða eins og menn gátu tekið við í geymslu, en mestur hlutinn fór í bræðslu.

Mikill handgangur var á bryggjunni þegar verið var að landa síldinni enda er þetta ekki algengur viðburður í Bolungarvík hin síðari árin.

## Íslensk verðbréf hf. og Lífeyrissjóður Vestfirðinga í samstarf

# Starfsstöð opnuð á Ísafirði innan skamms

Íslensk verðbréf hf. og Lífeyrissjóður Vestfirðinga hafa gengið frá samkomulagi um að Íslensk verðbréf hf. annist stýringu á hluta verðbréfaeignar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Í framhaldinu er stefnt á að auka samstarf þessara aðila enn frekar. Íslensk verðbréf hf. munu opna starfsstöð á Ísafirði innan skamms og verður aðsetur félagsins í húsnæði Sparisjóðs Vestfirðinga á Ísafirði. Íslensk verðbréf hf. var stofnað árið 1987 og er í eigu sparisjóða og lífeyrissjóða víðsvegar um land,

þ.m.t. Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Íslensk verðbréf hf. er með höfuðstöðvar sínar á Akureyri og er eina löggilta verðbréfafyrirtækið utan höfuðborgarsvæðisins.

„Þetta eru góð tíðindi og ætti samningurinn að vera báðum aðilum til gagns auk þess sem vestfirðingar ættu að hafa nokkurn hag af honum í formi aukinnar þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta á svæðinu. Nokkur önnur verkefni eru í burðarliðnum fyrir starfsstöðina sem ættu að renna styrkari stoðum

undir öfluga starfssemi á vegum félagsins á Ísafirði. Við höfum gert samskonar samninga og verið er að gera við Lífeyrissjóð Vestfirðinga við Lífeyrissjóð Norðurlands og einnig hafa verið gerðir nokkrir samningar við aðra lífeyrissjóði um sérgreind eignasöfn á undanförunum mánuðum,“ sagði Sævar Helgason, framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf.

„Markmiðið með þessu samstarfi við Íslensk verðbréf hf. m.a. að byggja upp öfluga fjármálaþjónustu á Vestfjörð-

um ásamt því að fela sérfræðingum á verðbréfamarkaði umsýslu á eignum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Með þessum samningi tryggjum við grundvöll fyrir opnun starfsstöðvar á vegum Íslenskra verðbréfa hf. á Ísafirði og sá grundvöllur ætti að leiða af sér betri fjármálaþjónustu fyrir bæði sparifjáreigendur og fyrirtæki og stofnanir á svæðinu,“ sagði Guðrún Guðmannsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.



Frá hinn fjölmennu minningar- og bænastund sem haldin var í Þingeyrarkirkju síðdegis á laugardag.

## Bæjarsorg á Þingeyri eftir slysið hörmulega í eldsvoðanum

# Þeirra sem létust minnst

Mjög fjölmenn minningar- og bænastund var haldin í kirkjunni á Þingeyri síðdegis á laugardag vegna hins hörmulega slyss sem varð þar í bænum aðfaranótt föstudags. Séra Guðrún Edda Gunnarsdóttir sóknarprestur gekkst fyrir þessari samverustund í félagi við Theódoru Hreinsdóttur lækni. Tónlistarflutningur var í höndum Margrétar Gunnarsdóttur píanóleikara. Á eftir var opið hús og kaffi

í Slysavarnahúsinu á Þingeyri og var svo einnig á sunnudag. Einnig hefur kirkjan verið höfð opin. Atburður þessi hefur haft djúp áhrif á allan brag á Þingeyri enda má heita að allir séu meira og minna tengdir í litlum bæ.

Séra Guðrún Edda er í námsleyfi syðra í vetur en kom vestur til að sinna fólkinu sínu þegar fréttist af slysinu. Hún verður áfram á Þingeyri um sinn og hafa þær Theodóra

læknir verið reiðubúnar til áfallahjálpar hvenær sem þess hefur verið óskað.

Ekki var efnt til flugeldasýningar og blysför á Þingeyri á sunnudag í tilefni þrettándans, eins og venja hefur verið. Í staðinn var komið saman framan við íþróttamiðstöðina, kveikt á kertum og haldin stutt þagnarstund. Þar var gríðarmikið fjölmenni eða líklega hátt í þrjú hundruð manns við þessa virðulegu og hátíðlegu

athöfn. Þau sem fórust voru oft á þessu svæði við íþróttamiðstöðina í frítímum sínum enda börnin snemma farin að skreppa í sundlauginu og íþróttasalinn og Hreiðar Snær heitinn var starfsmaður miðstöðvarinnar. Að tillögu séra Guðrúnar Eddu verða jólaþjónir á Þingeyri látin lifa viku lengur en venja er til. Þannig verður skammdegið lýst upp á þessum erfiðu tímum í minningu þeirra sem létust.

Amerísk rúm  
Rammadýnur  
Dýnur eftir máli  
IENSEN  
HÚSGAGNALOFTIÐ  
SÍMI 456 4560  
SKÉRI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR

SAMKAUP  
OPIÐ:  
Virka daga  
kl. 09 - 21  
Laugardaga  
kl. 10 - 21  
Sunnudaga  
kl. 12 - 21  
Verið velkomin!  
SAMKAUP  
AUSTURVEGI 2 • SÍMI 456 5400

H-PRENT  
A-4  
LJÓSRITUNAR-PAPPÍR  
Í ÖLLUM LITUM!  
80 gr.  
120 gr.  
160 gr.  
H-PRENT  
sími 456 4560

Sem tekur  
bb.is miktum!  
breytingum